

78	4. Einkabifreiðir:	
9. apríl	a. Læknabifreiðir	1200 lítrar
	b. Almenn stærð, 5—6 manna	850 —
	c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	500 —
	d. Bifhjól	100 —
	B. Vörubifreiðir:	
	1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	4000 —
	2. Vörubifreiðir, 1½ tonn	3000 —
	3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn	2000 —
	4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	800 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að nátturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

4. gr.

Benzínskömmunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmunartímabili ársins 1945, skulu gilda áfram á 2. skömmunartímabili 1945.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

79

30. apríl

AUGLÝSING

um skrásetningu bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, hefur dómsmálaráðherra ákveðið að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu og umskráningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 30.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði þessarar auglýsingar ganga í gildi 1. maí 1945.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. apríl 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.